

# Elegant 7/10/20

## LÝSING

Elegant er vatnsþynnanleg plastmálning ætluð á vegg og loft innanhúss. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastmálningum. Elegant er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.

## NOTKUN

Elegant er ætluð á stofur, herbergi, skrifstofur og fleira. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.



### Tæknilegar upplýsingar

Litir:	NCS-litakerfi
Gljástig:	7, 10 og 20
Pakkningar:	4 og 10 lítrar
Efnisnotkun:	8-10 m <sup>2</sup> /l
Eðlisþyngd:	1,33 kg/l
Þynnir:	Vatn (allt að 10%)
Áhaldahreinsir:	Vatn
Þurrktími:	1 klst
Yfirmálun:	Lágmark: 3 klst Hámark: Ekkert

### Undirmálun

Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni eða viðeigandi alkýðgrunnum, allt eftir aðstæðum hverju sinni.

### Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með volgu vatni strax að lokinni notkun.

### Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, þússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Fjarlægjð ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með viðeigandi grunni. Að lokum eru málaðar 2 umferðir með Elegant.

### Endurmálun

Þrífið með Málningarhreinsi og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að matta lauslega með sandpappír, til að góð viðloðun náist. Því næst eru málaðar 2 umferðir af Elegant.

### Athugasemdir

- Málið ekki fleti kaldari en +5°C.
- Málningin má ekki frjósa.
- Full þvottveldni næst eftir 3-4 vikur.
- Skilið tómunum umbúðum á næstu endurvinnslustöð.
- Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 1 g/l.

### Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með Elegant 7/10 telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur. Notið hanska og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

### Geymist þar sem börn ná ekki til.